



# EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

1. tölublað  
24. árgangur  
Mars 2021

*Orlofsstaðir 2021*  
*Sprawy urlopowe*  
*Holiday matters*



→ **N4 SAFNIÐ BÍÐUR ÞÍN!**



Þú getur horft á N4 þar sem þú vilt,  
þegar þú vilt og fundið þína  
uppáhaldspætti auðveldlega.



Sjónvarp



[www.n4.is](http://www.n4.is)



N4 safnið



N4 blaðið



N4 hlaðvarp



N4sjonvarp



Youtube



N4sjonvarp



Tímaflakk

N4, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri

[n4@n4.is](mailto:n4@n4.is) — 412 4402 — [www.n4.is](http://www.n4.is)

# PACTA

LÖGMENN ALLRA LANDSMANNA

Pacta lögmenn bjóða upp á alla almenna lögfræðiþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Við veitum viðskiptavinum okkar persónulega þjónustu á þrettán starfsstöðvum víðsvegar um land, byggða á þekkingu, trausti og áreiðanleika sem skilar sér í faglegum og heiðarlegum vinnubrögðum.

Með samræmdu upplýsingakerfi og samskiptalausnum hafa lögmenn Pacta sem og viðskiptavinir okkar, einstakan aðgang að reynslu og sérþekkingu lögmanna stofunnar, hvar sem þeir starfa á landinu.

Akranes  
Akureyri  
Blönduós

Dalvík  
Egilsstaðir  
Húsavík

Ísafjörður  
Keflavík  
Reyðarfjörður

Reykjavík  
Sauðárkrúkur

Selfoss  
Siglufjörður

Símanúmer okkar er 440 7900 · [pacta@pacta.is](mailto:pacta@pacta.is) · [www.pacta.is](http://www.pacta.is)

THE PARLEX GROUP

Pacta er virkur aðili að THE PARLEX GROUP og hefur byggt upp traust viðskiptasamband og persónulegt tengslanet við vistar lögmennsstofur víða um heim. [www.parlex.org](http://www.parlex.org)



**Útgefandi: Eining-löjla**  
Skipagötu 14 - 600 Akureyri  
Sími 460 3600 - ein@ein.is  
www.ein.is

**Ábyrgðarmaður:**  
Björn Snæbjörnsson

**Ritstjóri**  
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

**Forsíðumynd:**  
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

**Prentvinnsla:**  
Prentmet Oddi

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,  
í heild eða hluta, þó þannig  
að heimildar sé getið

## *Punktakerfið tryggir sanngirni*

Það er mjög eftirsótt meðal félagsmanna Einingar-löjlu sem og annarra landsmanna að fá að dvelja í orlofshúsum í einhvern tíma í sumarleyfum eða á öðrum tíma. Því þarf að vanda til úthlutunar til þess að allrar sanngirni sé gætt.

Til þess að gæta sem mestrar sanngirni við úthlutun orlofshúsa og orlofsíbúða hefur félagið notað og þróað punktakerfi sem þykir hafa reynst vel. Hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins. Engu máli skiptir hve há upphæð félagsgjaldsins er í hverjum mánuði. Þeir sem síðan hafa safnað flestum punktum þegar kemur að úthlutun ganga fyrir þegar mikil ásókn er í húsin. Þegar félagsmaður fær úthlutað tíma í orlofshúsi dregst tiltekinn punktafjöldi frá inneign viðkomandi þannig að tryggt er að þeir sem fá úthlutað dvöl í orlofshúsi eru ekki áfram eftir á blaði, en halda þó auðvitað áfram að safna sér punktum fram að úthlutun næsta árs með því að greiða félagsgjöld.

### **Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum og eftir því hvað er leigt:**

24 punktar fyrir tvær fyrstu og síðustu sumarvikuna.

36 punktar fyrir aðrar sumarvikur.

Allt að 18 punktar fyrir „Orlof að eigin vali“.



## *Átt þú rétt á orlofsuppbót?*

*Eining-löjla vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Þeir sem starfa eftir almenna samningnum og hjá ríkinu eiga að fá orlofsuppbótina borgaða 1. júní og þeir sem starfa hjá sveitarfélögum þann 1. maí. Orlofsuppbótin árið 2021 miðað við þá sem eru í 100% starfi er:*

**Almenni markaðurinn: kr. 52.000**

**Ríki: kr. 52.000    Sveitarfélögin: kr. 51.700**

Á heimasíðu félagsins, **www.ein.is** má finna töflu sem sýnir upphæð orlofsgreiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma.



*Starfsfólk Enor  
sendir félagsmönnum Einingar-löjlu  
orlofskveðjur*

 ENOR

Hafnarstræti 53  
600 Akureyri

S 430 1800  
E enor@enor.is

www.enor.is

# JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög  
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtakerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélag



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • [init@init.is](mailto:init@init.is) • [www.init.is](http://www.init.is)



## Ert þú með séreignarsparnað?


- 2% mótframlag launagreiðanda jafngildir launahækkun
- Heimilt að ráðstafa skattfrjálst til kaupa á fyrstu íbúð og inn á íbúðalán
- Meiri sveigjanleiki við starfslok
- Erfist við fráfall




Það er einfalt að hefja séreignarsparnað

Umsóknir og nánari upplýsingar um séreign og ávöxtun á [stapi.is](http://stapi.is)

### Varfærna safnið



### Áræðna safnið



● Ríkisskuldabréf ● Erlend hlutabréf ● Erlend skuldabréf  
● Innlend hlutabréf ● Innlán ● Önnur markaðsskuldabréf

Tölur miðast við ávöxtun árið 2020 og eignasamsetningu 31.12.2020  
Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð

# Orlof 2021

Einungis er hægt að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á Orlofshúsavef félagsins!



## Ágætu félagar!

Enn og aftur er runninn upp sá tími ársins að ykkur berst í hendur orlofsblað félagsins, enda er daginn tekið að lengja og þá er tímabært að fara að huga að sumarleyfunum og þeim möguleikum sem eru í boði fyrir félagsmenn Einingar-löju. Í þessu orlofsblaði eru þeir möguleikar kynntir og ýmsar aðrar upplýsingar sem máli skipta fyrir félagsmenn sem hug hafa á að nýta sér þá orlofskosti sem í boði eru. Megináhersla er eins og áður lögð á að kynna þau orlofshús og orlofsíbúðir sem félagið hefur til umráða og leigu til félagsmanna á komandi sumri. Sem fyrr býður félagið hús og íbúðir af mismunandi stærðum og gerðum, í mismunandi umhverfi og í öllum landshlutum.

Að venju eru félagsmenn einnig minntir á réttindi sín varðandi orlof, orlofstöku og orlofsuppbót. Þá verður sagt frá orlofsferðum sumarsins, en búið er að skipuleggja tvær ferðir á árinu. Ferðanefnd ákvað að aflýsa utanlandsferð ársins 2021 vegna óvissu um Covid.

## Íbúðin á Spáni

Sumarið 2021 verður aftur í boði íbúð á Spáni. Þrátt fyrir óvissu um Covid var ákveðið að sjá til með hvernig ástandið þróast og bjóða upp á þennan orlofskosti aftur. Því geta félagsmenn tekið hana á leigu næstu sumar og gildir fyrstur pantar, fyrstur fær.

## Orlofshúsavetur félagsins

Einungis er hægt að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á orlofshúsavef félagsins. Í blaðinu má finna upplýsingar/skýringarmyndir til að auðvelda umsóknarferlið. Hægt er að skrá sig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum í síma eða á korti. Ef þú lendir í vandræðum við að senda inn umsókn getur þú fengið aðstoð á skrifstofum félagsins.

## Ekki bara hús í boði

Að venju geta félagsmenn sótt um „Orlof að eigin vali,“ og keypt ferðaávisun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á hótelum og gistiheimilum um allt land. Þá verður enn og aftur boðið upp á að kaupa Veiðikortið og Útilegukortið á sérkjörum. Kaupa þarf kortin í gegnum Orlofshúsavefinn, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna.

## Gæludýr

Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp og því er komið inn í leigusamning að leigutaki skuldbindur sig til að borga kr. 25.000 sekt ef þessi regla er brotin.

**Þó svo að orlofsblað félagsins sé borið inn á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu geta einungis félagsmenn sótt um þá valkosti sem í boði eru í sumar og fjallað er um í blaðinu.**

Um leið og við óskum þess að sem flestir fái notið þess sem í boði er þá hvetjum við sem

fyrr til þess að leigjendur og allir félagsmenn taki höndum saman um að ganga sem best um húsin okkar.

**Munum; húsin eru sameign okkar félagsmanna og ef allir umgangast þau í samræmi við það verður dvöl allra í þeim betri og ánægjulegri.**

Allar nánari upplýsingar um orlofshús eru veittar á skrifstofum Einingar-löju, í síma 460 3600, ein@ein.is eða á www.ein.is og þar fer skráning einnig fram. **Síðasti skiladagur umsókna er miðvikudagurinn 7. apríl**, en úthlutun fer fram nokkrum dögum síðar. Þeir sem fá úthlutað þurfa að vera búnir að ganga frá greiðslu í síðasta lagi mánudaginn 3. maí.

10. maí kl. 10:00 verður opnað fyrir orlofshús á netinu fyrir þá sem fengu neitun og 20. maí kl. 10:00 verður opnað á netinu fyrir þá sem enn verður laust. Þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær. Einnig verður hægt að hafa samband við skrifstofu félagsins til að fá upplýsingar um lausar vikur.

*Ritnefnd Einingar-löju óskar félagsmönnum alls hins besta í komandi orlofi og minnir á að ýmsar upplýsingar varðandi hús, ferðir og annað sem máli skiptir koma fram í blaðinu og því getur verið gott að geyma það og hafa við höndina. Félagsmenn eru samt hvattir til að fylgjast vel með vefnum okkar, www.ein.is, því þar munum við setja inn allar nýjungar eða breytingar varðandi orlofskosti.*

# Orlof að eigin vali

Undanfarin ár hefur félagið haft í boði styrki sem kallast „Orlof að eigin vali“ og hafa þessir styrkir verið vel nýttir af félagsmönnum. Í ár mun félagið verja allt að kr. 7.500.000 í „Orlof að eigin vali.“ Félagsmenn geta sótt um 300 slíka styrki, hver þeirra er að upphæð kr. 25.000, og er styrkloforðum úthlutað eins og orlofshúsunum.

**Sækja þarf um í síðasta lagi 7. apríl nk.**

**ATHUGIÐ!** Einungis hægt að sækja um rafrænt, á Orlofshúsavef félagsins. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu eða eru í vandræðum með að sækja um í gegnum félagavefinn geta fengið aðstoð á skrifstofum félagsins.

Hægt er að nota fjárhæðina t.d. til leigu á orlofshúsi (ATHUGIÐ! ekki þau sem eru í eigu Einingar-löju),

hótelherbergi, tjaldvagni eða fellihýsi, flugfar innanlands eða erlendis, allt eftir óskum hvers og eins. Hámark á hvern félagsmann er eins og áður segir kr. 25.000, en þó aldrei hærrí en 50% af kostnaði.

Dregnir verða 18 punktar af þeim félagsmönnum sem nýta sér alla upphæðina og hlutfallslega fyrir lægri upphæð. Greiðsla fer fram eftir að ferðalagi lýkur en félagsmenn þurfa að framvísa reikningi fyrir dvöl eða ferð.

„Orlof að eigin vali“ gildir fram til áramóta. Það þýðir að þeir sem fá úthlutað þurfa að koma með reikninga eða farseðla fyrir næstu áramót til að fá endurgreitt.

**ATHUGIÐ! Framvísa þarf löglega númeruðum vsk. reikningum eða farseðlum!**

## GJAFAKORT GLERÁRTORGS

TILVALIN GJÖF VIÐ ÖLL  
TÆKIFÆRI!

GJAFAKORTIN GILDA  
Í YFIR 30 VERSLANIR  
OG VEITINGASTAÐI Á  
GLERÁRTORGI.

PANTAÐU GJAFAKORT Á [GLERARTORG.IS](http://GLERARTORG.IS)



  
GLERÁRTORG

# Aukin þjónusta með Mínum síðum

Í fyrra tók Eining-Iðja í notkun nýtt Orlofshúsa- og félagakerfi, Frímann. Þá var opnað fyrir nýjan Orlofshúsavef á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is), og Mínar síður fara í loftið núna í mars.

Á Mínum síðum verður m.a. hægt að sjá greiðslur félagsgjalda og greiðslur frá félaginu. Þá geta félagsmenn skoðað og sótt rafrænt um þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði á mun einfaldari hátt en nú er í boði. Í skoðun er hvort hægt verði að sækja um fræðslustyrki á síðunni.

Félagsmenn geta séð hve mikinn rétt þeir eiga til helstu styrkja, hversu mikið þeir eru búnir að fá frá félaginu og einnig hve mikinn rétt þeir eiga eftir. Sjá mynd.

Þeir styrkir sem hægt verður að sækja um í gegnum Mínar síður eru líkamsræktarstyrkur, gleraugnastykur, heyrnartæki, krabbameinsleit, laser augnaðgerðir, sjúkrabjálfun og sjúkranudd, tæknifrjövgun og viðtalsmeðferð við sálfræðinga og geðlækna.

Ekki verður hægt að sækja um sjúkradagpeninga, útfarastyrk eða styrk vegna áfengis- og vímuefna meðferðir í gegnum Mínar síður. Á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is), má finna upplýsingar og umsóknir um sjúkradagpeninga og útfarastyrk. Varðandi styrk vegna áfengis- og vímuefna meðferðar þarf að hafa samband við skrifstofu félagsins á Akureyri.

**Félagsmenn eru hvattir til að skoða vel upplýsingar um sig á Mínum síðum og laga ef þarf bankaupplýsingar, símanúmer og netföng.**

## Orlofshúsakerfið


Á Orlofshúsavefnum geta félagsmenn skráð sig inn og sótt um fyrir sumarvertíðina eða pantað orlofseignir yfir veturinn og gengið frá greiðslu. Einnig er hægt að kaupa ferðaávisun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á hótélum og gistiheimilum um allt land. Stéttarfélögin sem eiga aðild að Frímann-kerfinu sameinaðu krafta sína og komust að samkomulagi við fjölmörg hótél og gistiheimili víðs vegar um landið sem bjóða félagsmönnum okkar afar hagstætt verð. Í ofanálag niðurgreiðum við gistingu um 20% af valinni upphæð. Niðurgreiðslan getur að hámarki verið 15.000 krónur á hverju almanaksári.

Einnig er hægt að kaupa á vefnum Útleigukortið og Veidikortið, þá sendist pöntun til

viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna. Ekki er lengur í boði að kaupa þessi kort á skrifstofum félagsins.

Ekki þarf að skrá sig inn til að skoða hvaða eignir, eða ferðaávisun á hótél eru í boði. Einnig þarf að skrá sig inn ef viðkomandi ætlar að sækja um hús, íbúð eða Orlof að eigin vali þegar sumarúthlutun er í gangi, panta hús eða íbúð að vetri til eða kaupa ferðaávisun eða kort sem í boði eru allt árið um kring.

**Hnappana Orlofshúsavefur og Mínar síður** má finna svo að segja efst og til hægri á heimasíðu félagsins. Innskráning fer svo fram með Íslykli eða rafrænum skilríkjum, en auðkenningin eða innskráningin fer fram í gegnum [island.is](http://island.is).




**EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ  
UM RÉTTINDI ÞÍN!**

**460 3600 / [ein@ein.is](mailto:ein@ein.is) / [www.ein.is](http://www.ein.is)**

Gleraugnagler Sjúkrasjóður	binn réttur 60.000 kr.	Eftirstöðvar 50.000 kr.	<a href="#">SÆKJA UM STYRK</a>
Heyrnartæki Sjúkrasjóður	binn réttur 60.000 kr.	Eftirstöðvar 60.000 kr.	<a href="#">SÆKJA UM STYRK</a>
Krabbameinsleit Sjúkrasjóður	binn réttur 20.000 kr.	Eftirstöðvar 20.000 kr.	<a href="#">SÆKJA UM STYRK</a>
Laser augnaðgerð Sjúkrasjóður	binn réttur 60.000 kr.	Eftirstöðvar 60.000 kr.	<a href="#">SÆKJA UM STYRK</a>
Líkamsrækt Sjúkrasjóður	binn réttur 23.000 kr.	Eftirstöðvar 23.000 kr.	<a href="#">SÆKJA UM STYRK</a>
Sjúkrabjálfun og sjúkranudd Sjúkrasjóður	binn réttur 18 skipti	Eftirstöðvar 14 skipti	<a href="#">SÆKJA UM STYRK</a>
Tæknifrjövgun Sjúkrasjóður	binn réttur 60.000 kr.	Eftirstöðvar 60.000 kr.	<a href="#">SÆKJA UM STYRK</a>
Viðtöl við sálfræðinga og geðlækna Sjúkrasjóður	binn réttur 7 skipti	Eftirstöðvar 7 skipti	<a href="#">SÆKJA UM STYRK</a>





## Orlofsferðir Einingar-löju árið 2021

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kýs fjóra félagsmenn í nefndina, en auk þeirra á formaður félagsins og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni. Undanfarin ár hafa verið í boði þrjár ferðir; utanlandsferð, ferð innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn. Aflýsa þurfti öllum ferðum ársins 2020 vegna Covid.

Búið er að skipuleggja tvær ferðir á árinu en ferðanefnd ákvað að aflýsa utanlandsferð ársins 2021 vegna óvissu um Covid. Nánar má lesa um ferðirnar tvær hér fyrir neðan.

### Flateyjardalur

Farin verður dagsferð út í Flateyjardal laugardaginn 21. ágúst 2021. Hámarksfjöldi er 90 manns. Farið verður með rútu frá Akureyri. Nauðsynlegt er að hafa með sér nesti til dagsins, annað en grillmat.

**Ferðin kostar kr. 5.000 á mann, innifalið er akstur, grillmat, safar og meðlæti.**

Leiðsögumaður verður með í för.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráningu í ferðina út í Flateyjardal er á skrifstofum félagsins, sími 460 3600 eða í gegnum netfangið ein@ein.is.

### Eins dags ferðin

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin **27. júní 2021**. Farið verður austur í Bárðardal þar sem snæddur verður hádegisverður. Þaðan verður farið í Mývatnssveit, ekinn Aðaldalurinn og að lokum til Akureyrar. Kaffi verður drukkið á Stóru-Tjörnum.

**Ferðin kostar kr. 5.000 á mann.**

**Athugið að síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í eins dags ferðina.**

# Rafrænar aðalfundir starfsgreinadeildafélagsins

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu voru aðalfundir deilda félagsins rafrænar þetta árið. Þrátt fyrir það var ágæt mæting á fundina og tókust þeir mjög vel. Félagsmenn sem ætluðu að mæta þurftu að skrá sig og fengu sendan hlekk á fund í sinni deild. Undanfarin ár hafa þeir farið fram sama kvöldið með sameiginlegri dagskrá í byrjun en núna fóru þeir fram dagana 2. til 4. febrúar sl. Smá umfjöllun um hvern fund má finna hér fyrir aftan. Skýrslur stjórnna má finna á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is).

Formenn og varaformenn deilda sitja í aðalstjórn félagsins.

## Tryggvi endurkjörinn formaður Matvæla- og þjónustudeildar

2. febrúar sl. fór fram aðalfundur Matvæla- og þjónustudeildar félagsins. Í byrjun fundar flutti Tryggvi Jóhannsson, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar, og að því loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar. Kjósa þurfti um fimm af níu stjórnarmönnum deildarinnar. Kosið var til tveggja ára um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur.

Tryggvi Jóhannsson bauð sig áfram fram sem formaður, Sigríður Þ. Jósepsdóttir sem ritari og Anna Guðrún Ásgeirsdóttir, Íris Eva Ómarsdóttir og Steinþór Berg Lüthersson buðu sig



Tryggvi, formaður Matvæla- og þjónustudeildar.

fram sem meðstjórnendur. Engin mótframboð bárust og því voru þau sjálfkjörin.

Fyrir í stjórn voru Sólveig Auður Þorsteinsdóttir varaformaður og meðstjórnendurnir Guðmundur Guðmundsson, Börkur Þór Björgvinsson og Sveinbjörn Kroyer Guðmundsson.



Ingvar, formaður Lånáðar- og tækjadeildar.

## Ingvar endurkjörinn formaður Lånáðar- og tækjadeildar

3. febrúar fór fram aðalfundur Lånáðar- og tækjadeildar. Í byrjun fundar flutti Ingvar Kristjánsson, formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar, og að því loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar. Kjósa þurfti um fimm af níu stjórnarmönnum deildarinnar. Kosið var til tveggja ára um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur.

Ingvar bauð sig áfram fram sem formaður, Gunnar Magnússon sem ritari og Eggert Hákonarson, Óðinn Björnsson og Halldóra Vilhjálmsson buðu sig fram sem meðstjórnendur. Engin mótframboð bárust og því voru þau sjálfkjörin.

Fyrir í stjórn voru Svavar Magnússon varaformaður og meðstjórnendurnir Rannveig Kristmundsdóttir, Símon Hrafn Vilbergsson og Þormóður Sigurðsson.

## Guðbjörg Helga er nýr formaður Opinberu deildar félagsins

Aðalfundur Opinberu deildar félagsins fór fram 4. febrúar sl. Á fundinum urðu formannsskipti. Sigríður K. Bjarkadóttir sem gegnt hefur embættinu frá því deildin var stofnuð þann 17. febrúar 1998 ákvað að gefa ekki kost á sér áfram.

Í byrjun fundar flutti Sigríður, þáverandi formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar sem finna má á vef félagsins, og að því loknu var gengið til kosninga um stjórnarmenn deildarinnar. Kjósa þurfti um fimm af níu stjórnarmönnum deildarinnar.

Kosið var til tveggja ára um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur. Úr stjórn áttu að ganga Sigríður K. Bjarkadóttir formaður, Anna Dóra Gunnarsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Andreea Georgiana Lucaci, Þórhalla Þórhallsdóttir og Tómas Jóhannesson. Sigríður, Þórhalla, Anna Dóra og Tómas voru búin að ákveða að gefa ekki kost á sér áfram í stjórn deildarinnar.

Guðbjörg Helga Andrésdóttir, varaformaður, bauð sig fram til formanns. Guðrún Valdís Eyvindsdóttir bauð sig fram í embætti ritara. Andreea Georgiana Lucaci, Bergur Þór Jónsson og Ólöf María Olgeirsdóttir buðu sig fram í embætti meðstjórnenda. Engin mótframboð bárust og því voru þau sjálfkjörin.

Þar sem Guðbjörg Helga var kosin í embætti formanns þurfti einnig að kjósa í embætti varaformanns til eins árs. Ingibjörg María Ingvadóttir meðstjórnandi bauð sig fram í það og var kjörin einróma. Þar sem Ingibjörg var kjörin varaformaður þurfti líka að kjósa einn meðstjórnanda til eins árs. Ágústa Ósk Guðnadóttir bauð sig fram í það og var kjörin einróma.

## Formaður frá upphafi

Í lok fundar bað Sigríður, fyrrum formaður, um orðið og sagði: „Þetta er minn síðasti aðalfundur deildarinnar sem formaður hennar en því embætti hef ég gegnt frá því deildin var stofnuð þann 17. febrúar 1998. Ég hef jafnframt setið í aðalstjórn Einingar og svo Einingar-löju allan þann tíma. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem ég hef starfað með í gegnum árin hjá félaginu. Ég óska nýkjörnum formanni og nýkjörinni stjórn deildarinnar til hamingju með kosninguna. Ég óska stjórninni alls hins besta í áframhaldandi baráttu fyrir félagið og okkar félagsmenn.“

### Mikil áskorun

Guðbjörg, nýkjörin formaður, fékk orðið í lok fundar og þakkaði fyrir það traust sem henni var sýnt með að kjósa hana sem nýjan formann deildarinnar. „Það að taka við deildinni er mikil áskorun sem ég er til í að taka með góðu fólki, bæði innan stjórnar og félaga í deildinni. Það er enginn vafi í mínum huga að áfram mun ríkja samstaða innan deildarinnar og félagsins í heild eins og hefur verið undanfarin ár.

Ég þakkar þeim sem láta af störfum í stjórn deildarinnar þeim Tómasi, Önnu Dóru og Þór-höllu og ekki síst Siggu Bjarka fyrir sín störf sem formaður deildarinnar í 23 ár. Sigga hefur verið mjög ötul að sinna sínu starfi og oft verið í hörð-um samningum fyrir félagsmenn deildarinnar. Hún hefur ávallt haft mjög sterkar skoðanir á því hvað kæmi hennar fólki best. Baráttukona sem nú skilar góðu búi til okkar, takk öll fyrir frábært starf og gangi ykkur vel í því sem fram undan er hjá ykkur í lífinu.

Einnig bið ég nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Að lokum óska ég öllum velfarnaðar á komandi starfsári og segir fundi slitið.“



Guðbjörg, nýr formaður Opinberudeildarinnar, ásamt Sigríði, fyrrum formanni sem gegndi embættinu frá því deildin var stofnuð þann 17. febrúar 1998.

# STERKARI SAMAN

Ásprent hefur nú sameinast Prentmet Odda



Saman höfum við yfir 100 ára reynslu í prenti. Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þína vöru.

*Við tökum vel á móti þér*



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límniðar



Lyngháls 1, 110 Rvk ☎ 5 600 600  
Eyravegi 25, 800 Selfoss ☎ 482 1944  
Glerárgata 28, 600 Akureyri ☎ 4 600 700



prentmetoddi.is



# Stytting vinnutíma

Í flestum kjarasamningum sem voru undirritaðir 2019 og 2020 er kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og stytta vinnuvíkuna í allt að 36 virkar vinnustundir á viku. Þetta á þó ekki við um öll stéttarfélög, því ýmsir hópar eru með annars konar útfærslu á vinnuskyldu en hefðbundna 40 stunda vinnu-viku.

Hjá félagsmönnum innan SGS, þar á meðal Einingar-löju, þarf að gera greinarmun á styttingu vinnutímans hjá annars vegar starfsfólki á almennum vinnumarkaði og hins vegar starfsfólki ríkis og sveitarfélaga.

## Opinberir starfsmenn

Í kjarasamningum opinberra starfsmanna sem samþykktir voru á vormánuðum 2020 náðist tímamótasamkomulag um styttingu vinnutímans. Breytingar vegna vaktavinnufólks taka gildi 1. maí nk. en breytingar hjá dagvinnufólki tóku gildi frá 1. janúar sl.

Varðandi dagvinnuna er heimilt að stytta vinnuvíkuna um allt að 4 klukkustundir á viku eða úr 40 í 36 virkar stundir. Lágmarksstytting er þó 13 mínútur á dag, eða 65 mínútur á viku. Vinnuvikan fyrir fólk í vaktavinnu styttist úr 40 stundum í 36 virkar stundir á viku, fyrir fullt starf. Frekari stytting í allt að 32 stundir er möguleg og grundvallast á vægi vinnustunda.

## Betrivinnutími.is

Kjara- og mannauðssýsla ríkisins opnaði í kjölfar samninganna sl. vor kynningarvefinn betrivinnutími.is þar sem farið er yfir mögulegar útfærslur á styttingu vinnutíma dagvinnufólks og þær breytingar sem verða á vinnufyrirkomulagi vaktavinnufólks. Á vefnum er einnig leitast við að svara helstu spurningum og veita leiðbeiningar um framkvæmd breytinganna sem eiga að leiða til betri vinnutíma. Þá er einnig að finna svokallaðan vaktareikni sem hægt er að nota til þess að fá betri mynd af því hvaða breytingar nýtt vinnufyrirkomulag getur haft á kjör vaktavinnufólks.

Félagið hvetur félagsmenn sem starfa hjá ríki eða sveitarfélögum til að kynna sér efnið á vefnum vel og vandlega enda verður útfærslan á styttingu vinnutímans með ólíkum hætti eftir því hvort fólk vinnur hefðbundna dagvinnu eða vaktavinnu.

Búið er að setja inn hnapp á heimasíðu félagsins sem vísar beint á kynningarvefinn.

## Nánara um vinnu- og hvíldartíma hjá vaktavinnufólki

Þar sem 1. maí nálgast og það stýttist í að það þurfi að leggja fram vaktaskýrslur frá þeim tíma samkvæmt nýju skipulagi Betri vinnutíma þá vill félagið að gefnu tilefni minna á nokkra hluti varðandi hvíldartíma, sjá myndir.

Margar rannsóknir hafa sýnt að of stutt hvíld á milli vakta getur haft alvarleg áhrif á heilsu og öryggi starfsfólks. Svefn skerðist og þar með geta líkur á sjúkdómum aukist. Einnig er líklegur að starfsmaður sem ekki hefur hvílt nægilega vel á milli vakta eigi það á hættu að gera mistök. Vaktavinnu á opinberum vinnumarkaði er í flestum tilvikum nauðsynleg almannaþjónusta, svo sem umönnun, heilbrigðisþjónusta og löggæsla, og mikilvægt er að tryggja öryggi allra sem þurfa á þeirri þjónustu að halda. Því skiptir máli að virða meginreglu um 11 tíma hvíld milli vakta.

## Vinnutími

Um vinnutíma er fjallað í kjarasamningum. Í kjarasamningum 2020 var samið um betri vinnutíma, svo vinnutími vaktavinnufólks verður 36 stundir frá 1. maí 2021.

Dagvinnuörk eru skilgreind í kjarasamningi. Oft eru þau á milli 8 og 17 á virkum dögum, en þó má sérja um annað.

Hámarksvinnutími að yfirvinnu meðtalni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir á viku að meðaltali.

Hámark naturvinnu skal að jafnaði ekki vera meira en 8 klst. á sólarhring.



## Hvildartímareglur

- Reglur um hvíldartíma eru í lögum og kjarasamningum.
- Lágmarksreglur og á almennt ekki að víkja frá þeim.
- Settar með heilsu og öryggi starfsmanna að leiðarljósi.
- Stjórnandi ber meginábyrgð, en starfsmenn bera líka ábyrgð.



## Meginreglur

- Lágmarkshvöld á sólarhring 11 timar samfelld.
- Reiknað frá upphafi vinnudags eða vaktar.
- Mikilvægasta reglan og á almennt ekki að víkja frá henni.



## Frávik frá daglegri lágmarkshvöld

- Á vaktaskiptum heimilt að stytta í 8 klst.
  - Undantekning, á að takmarka notkun.
- Ef upp koma ófyrirséð atvik má einnig stytta hvíld í 8 klst.
  - Halda þarf uppi nauðsynlegri öryggis- eða heilbrigðisþjónustu.
  - Bjarga þarf verðmætum.
  - Slys, náttúruhamfarir.
- Of stutt hvíld milli vakta getur haft alvarleg áhrif á heilsu og öryggi starfsfólks.



## Vikulegur fridagur

- Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður fá minnst einn fridag sem tengist beint daglegum hvíldartíma.
  - 24 klst. + 11 klst. = 35 klst.
- Almenna reglan er sunnudagur, en heimilt að víkja frá því.



## Fritökuréttur

- Ef brot verða skapast fritökuréttur.
- Ef stjórnandi fer fram á að starfsmaður mæti til vinnu áður en 11 klst. lágmarkshvild er náð skapast fritökuréttur, 1,5 klst. (í dagvinnu) fyrir hverja klukkustund sem hvíldin skerðist.
- Starfsmaður á ekki að mæta aftur til vinnu fyrr en hann hefur náð 11 klst. hvíld nema hann hafi sérstaklega verið beðinn um það.
- Einnig ef vikulegur fridagur skerðist.



## Virðum hvíldartímareglur

- Hvíldartímareglur eru settar með hagsmuni starfsfólks að leiðarljósi.
- Hingað til hefur oft verið erfitt að skipuleggja vaktskrá, sérstaklega hjá fólki í fullu starfi, og virða hvíldartíma.
- Með betri vinnutíma verður auðveldara að virða lágmarksreglur um hvíldartíma.
- Mikilvægt er að starfsfólk og stjórnendur þekki reglur og virði þær.



## Almenn markaðurinn

Hjá starfsfólki á hinum almenna vinnumarkaði var samið um að á grundvelli meirihlutasamþykkis í atkvæðagreiðslu eigi starfsmenn rétt á að fram fari viðræður um vinnutímastyttingu í 36 virkar vinnustundir á viku að jafnaði samhliða niðurfellingu kaffitíma á dagvinnutímabili. Stjórnendur fyrirtækja geta einnig óskað eftir viðræðum.

Í viðræðum á að gera tillögur um fyrirkomulag hléa með það að markmiði að ná fram gagnkvæmum ávinningi og bæta nýtingu vinnutíma þar sem því verður við komið. Ef formlegir kaffitímar eru felldir niður á að skipta ávinningi vegna bættrar nýtingar vinnutíma og aukinnar framleiðni milli starfsmanna og atvinnurekanda, hlutdeild starfsmanna felst í viðbótastyttingu virks vinnutíma.

Náist samkomulag um niðurfellingu kaffitíma verður virkur vinnutími 36 klst. á viku, án skerðingar mánaðarlauna. Fyrirkomulag styttingar virks vinnutíma geta verið útfærð á marga vegu, t.d:

1. Tekin eru sveigjanleg hvíldarhlé frá vinnu, eitt eða fleiri.
2. Hádegishlé lengt.
3. Hver vinnudagur stuttur, umsaminn fjöldi vinnudaga stuttur eða einn dagur vikunnar stuttur.
4. Styttingu safnað upp í frí heila eða hálfra daga.
5. Blönduð leið.

**Nánari upplýsingar um fyrirkomulag, gildistöku og atkvæðagreiðslu samkomulags má finna í 5. kafla kjarasamnings SGS og SA.**

## Greiðslur úr félagsmannasjóði

Allir félagsmenn sem starfa hjá sveitarfélagi eða störfuðu hjá sveitarfélagi á félagssvæðinu á tímabilinu frá 1. febrúar 2020 til 31. desember 2020 áttu að fá greitt úr félagsmannasjóði 1. febrúar sl.

Forsenda þess að hægt væri að greiða úr sjóðnum er að Eining-löju hafi kennitölu, bankaupplýsingar, síma og netfang félagsmanna. Á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is), má finna rafrænt eyðublað sem auðvelt er að fylla út.

Þar sem einhverjir eiga enn eftir að skila inn upplýsingum hafa þeir tíma til þess núna því aftur verður greitt úr sjóðnum á næstunni.

Einnig er hægt að hafa samband við Rut hjá Einingu-löju sem fyrst til að veita umbeðnar upplýsingar. Sími 460 3600 eða netfang [rut@ein.is](mailto:rut@ein.is)

Trúnaðarmenn söfnuðu þessum upplýsingum saman í febrúar frá félagsmönnum sem voru starfandi hjá sveitarfélagi á þeim tíma.

Í síðasta kjarasamningi við sveitarfélögin var samið um og stofnaður sérstakur félagsmannasjóður. Atvinnurekandi greiðir mánaðarlegt framlag í sjóðinn sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna og er greitt úr sjóðnum 1. febrúar ár hvert.

## Reiknivél fyrir félagsmenn



Það er mikið hagsmunamál fyrir launafólk að geta farið yfir með tiltölulega einföldum hætti hvort laun og aðrar greiðslur séu í samræmi við kjarasamninga, þ.e. kannað hvort þeirra launaseðill sé réttur.

Starfsgreinasambandið, fyrir hönd allra sinna aðildarfélaga og þar á meðal Einingar-löju, lét setja upp rafræna reiknivél þar sem félagsmenn geta nýtt sér til að reikna út laun sín, kannað hvort launaseðlar þeirra séu réttir og annað það sem snertir margvíslegar greiðslur.

Leitast var við að hafa reiknivélina eins einfalda í notkun

og kostur er og má því búast við að hún nái ekki utan um öll möguleg tilfelli. Hér er um fyrstu útgáfu að ræða og á m.a. eftir að leggja lokahönd á þýðingar og fleira.

Notendur eru beðnir að koma ábendingu og athugasemdum á framfæri á [sgs@sgs.is](mailto:sgs@sgs.is).

Með þessu framtaki er verið að leitast við að efla þjónustuna við félagsmenn og gera þeim auðveldara að gæta sinna hagsmuna og kvara.

**M.a. má finna reiknivélina á vef Einingar-löju, [www.ein.is](http://www.ein.is), undir liðnum Kaup og kjör**

# Orlofsstaðir Einingar-löju 2021



## Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2021.

	Stærð	Svefnpl.	Barnarúm	Sængur	Lín	Handklæði	Klútar	Boróbún.	Grill	H. pottur	Tímabil	Skiptidagar	Verð
Illugastaðir	45	6-8	já	8	*	nei	já	8	gas	já	4/6 til 27/8	föstudagur	30.000
Einarsstaðir	62	6	umsjónm.	6	*	*	já	10	gas	já	4/6 til 27/8	föstudagur	30.000
Tjarnargerði	81	9	já	9	nei	nei	já	8-12	gas	já	4/6 til 27/8	föstudagur	35.000
Svignaskarð	75	8	já	8	nei	nei	já	8	gas	já	4/6 til 27/8	föstudagur	30.000
Flókalundur, Vatnsfirði	40	6	nei	6	nei	nei	já	8	gas	**	4/6 til 27/8	föstudagur	27.000
Álalind 2, 203 Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	nei	2/6 til 1/9	miðvikudagur	34.000
Álalind 2, 204 Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	nei	2/6 til 1/9	miðvikudagur	34.000
Álalind 2, 303 Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	nei	2/6 til 1/9	miðvikudagur	34.000
Álalind 2, 304 Kópavogi	96	6	já	6	nei	nei	já	12	nei	nei	2/6 til 1/9	miðvikudagur	34.000
Álalind 2, 405 Kópavogi	75	4	já	5	nei	nei	já	12	nei	nei	2/6 til 1/9	miðvikudagur	34.000
Ásholt 2, R.vík	108	6	já	7	nei	nei	já	8-10	nei	nei	2/6 til 1/9	miðvikudagur	34.000

## Leigu- og skiptibústaðir

Munaðarnes	52	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	8	gas	já	4/6 til 27/8	föstudagur	30.000
Brekkuskógur	46	4-6+	já	6	nei	nei	já	10	gas	já	4/6 til 20/8	föstudagur	30.000
Flúðir	53	6	já	6	nei	nei	nei	8	gas	já	4/6 til 20/8	föstudagur	30.000
Ölfusborgir	50	5+	já	7	*	nei	nei	8	gas	já	11/6 til 20/8	föstudagur	30.000
Bjarneyjarsandur	57	6+	já	8	*	já	já	12	gas	já	11/6 til 20/8	föstudagur	30.000
Úlfjótswatn	55	5+	umsjónm.	8	nei	nei	já	10-12	gas	já	4/6 til 27/8	föstudagur	30.000
Húsafell	6	6	já	8	nei	nei	já	10	gas	já	4/6 til 27/8	föstudagur	30.000
Garðshorn	60	7+	nei	6	nei	nei	já	8	gas	nei	11/6 til 20/8	föstudagur	27.000
Stykkishólmur	65	5	já	5	nei	nei	nei	5	gas	nei	4/6 til 27/8	föstudagur	34.000
Súðavík	10	10	nei	10	nei	nei	nei	12	gas	nei	4/6 til 27/8	föstudagur	27.000
Klifabotn	50	6-8	já	8	nei	nei	nei	10-12	gas	nei	4/6 til 27/8	föstudagur	27.000

\* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónarmanni

\*\* Heitur pottur við sundlaug

+ Svefnloft, dýnur eða gestarúm.

Punktafrádráttur fyrir hús og íbúðir er 24 fyrir fyrstu tvær vikur og síðustu viku sumarsins en 36 fyrir aðrar sumarvikur.

# Athugið!

**ÞAD ER BARA HÆGT AÐ SÆKJA UM Á RAFRÆNAN HÁTT  
Á VEF FÉLAGSINS [WWW.EIN.IS](http://WWW.EIN.IS) (ORLOFSHÚSAVEFUR)**

---

**You have to apply online for a holiday chalet or holiday grants  
(„week of your own choice“) (Orlof að eigin vali)  
on our webpage [www.ein.is](http://www.ein.is) (Orlofshusavefur)**

---

**UWAGA! W roku bieżącym ubieganie się o mieszkania  
lub domki będzie możliwe jedynie w formie elektronicznej.  
[www.ein.is](http://www.ein.is) (Orlofshusavefur)**

---

## FÉLAGSMENN, TAKIÐ KVÖLDIÐ FRÁ!


- BOÐIÐ VERÐUR UPP Á AKSTUR TIL AKUREYRAR -





**Aðalfundur félagsins verður í  
Menningarhúsinu HOFI á Akureyri  
miðvikudaginn 28. apríl kl. 19:30**

# Einingar-Íðjufélagar athugið!

Í ár þarf að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á orlofshúsavefnum, sem er á [www.ein.is](http://www.ein.is)



Hægt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Ef þú hefur ekki virkjað rafræn skilríki eða fengið veflykil frá félaginu. Þá þarftu að sækja um aðgang að félagavefnum og fá sendan veflykil heim.



**Ef þú lendar í vandræðum getur þú fengið aðstoð á skrifstofum félagsins.**



### Reykjavík - Kópavogur

Félagið er nú með til útleigu níu íbúðir á Höfuðborgarsvæðinu. Fimm nýlegar íbúðir í Kópavogi, í 5 hæða fjölbýlishúsi sem stendur við Álalind 2 í austurhluta nýs íbúðahverfis í Kópavogi. Félagið er einnig með fjórar íbúðir í Reykjavík, en sjúkrasjóður félagsins á þrjár þeirra og eru þær notaðar sem sjúkraíbúðir. Orlofsíbúðirnar eru leigðar viku í senn og eru skiptidagar á miðvikudögum. Sjúkraíbúðirnar eru ætlaðar félagsmönnum sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Þær leigjast eftir því sem félagsmönnum hentar, en er ekki bundið við að leigja í eina viku í senn heldur er hægt að leigja í tiltekinn dagafjölda.

#### Reykjavík

Félagið á tvær íbúðir í Ásholti 2 í Reykjavík. Önnur íbúðin er notuð sem sjúkraíbúð og er á 3. hæð. Hin íbúðin er á 4. hæð og er einstaklega glæsileg. Hún er fjögurra herbergja, 107 fermetrar að stærð. Sér bílastæði í bílakjallara fylgir íbúðunum.

**ATH! Gengið er inn í húsið frá Laugavegi.**

Sjúkrasjóður félagsins er einnig með tvær íbúðir í notkun í Sóltúni 30. Íbúð sem er á 3. hæð er fjögurra herbergja, 87 fermetrar að stærð. Íbúð sem er á 2. hæð í húsinu er þriggja herbergja, 85 fermetrar að stærð.

#### Kópavogur

Félagið á fimm nýlegar íbúðir í 5 hæða fjölbýlishúsi sem stendur við Álalind 2 í Kópavogi. Um er að ræða fjórar fjögurra herbergja íbúðir og eina þriggja herbergja íbúð. Sér bílastæði í bílakjallara fylgir hverri íbúð. Fjögurra herbergja íbúðirnar eru 96 fermetrar að stærð en þriggja herbergja íbúðin er 75 fermetrar.

**Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.**



Sóltún.



Ásholt

**Síðasti skiladagur umsókna vegna orlofskosta er miðvikudagurinn 7. apríl nk.**

**Úthlutun fer fram nokkrum dögum síðar.**

**Peir sem fá úthlutað þurfa að ganga frá greiðslu í síðasta lagi mánudaginn 3. maí nk.**

**10. maí kl. 10:00 verður opnað fyrir orlofshús á netinu fyrir þá sem fengu neitun. Þá gildir fyrstur pantar, fyrstur fær.**

**20. maí kl. 10:00 verður opnað á netinu fyrir það sem enn verður laust. Þá gildir fyrstur pantar, fyrstur fær.**

## Stykkishólmur



Um er að ræða íbúð í raðhúsi, um 65 fermetrar að stærð. Á neðri hæð er hjónaherbergi með tvíbreiðu rúmi, gestaherbergi með rúmi og baðherbergi/wc með sturtu. Á efri hæð er stofa/borðstofa og eldhús í samfelldu rými svo og lítið gestaherbergi með svefnsofa, samtals svefnpláss fyrir fimm. Í stofu er sófi, tveir sófastólar og borðstofusettt með fimm stólum. Út frá efri hæð eru svalir með svalarhúsgögnum.

Í nágrenninu er hægt að stunda afþreyingu á borð við gönguferðir. Golfvöllur er að finna í 1,1 km fjarlægð frá gististaðnum. Þá er vert að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Þarna eru því margir möguleikar á styttri og lengri ferðum fyrir dvalargesti.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**

## Svignaskarði í Borgarfirði



Borgarfjörðurinn hefur um árabíl notið vinsælda sem sumardvalarstaður. Þar er öll þjónusta við ferðamenn í föstum skorðum og ganga má að gæðunum vísum en um leið fjölbreytni og frumleika. Stór orlofshúshverfi hafa byggst upp í Borgarfirðinum á vegum fjölmargra stéttarféлага og landssambanda. Eitt þessara orlofshúshverfa er í Svignaskarði. Húsið er glæsilegt, 75 fermetrar með öllum helstu þægindum og heitum potti. Leiktæki fyrir börn er víða að finna á þessu svæði, tveir sparkvellir eru í hverfinu, ærslabelgur og mínigolfvöllur.


Margar skemmtilegar gönguleiðir liggja frá orlofshúsunum og stutt er í frábærar sundlaugar, til dæmis í Borgarnesi og á Varmalandi. Í Borgarfirðinum er margt að sjá og mjög fjölbreyttir möguleikar til afþreyingar og útiveru. Golfvöllur er að Hamri, rétt utan við Borgarnes og hestaleigur eru nokkrar í næsta nágrenni. Þá er víða hægt að kaupa ódýr veiðileyfi í vötn í nágrenninu.

Ferðir á Langjökul njóta einnig vinsælda og þannig mætti lengi telja. Borg á Mýrum og Reykholt eru meðal þekktustu staða Íslandssögunnar og Grábrókarhraun, Hreðavatn, Baula, Barnafossar, Surtshellir, Glanni og Paradísarlaut eru meðal helstu náttúruperla landsins.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**



## Munaðarnes Borgarfirði



Orlofshúshverfið í Munaðarnesi hefur notið vinsælda meðal landsmanna um árabíl enda er þjónusta við ferðamenn á þessu svæði komin í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi. Eining-löjja hefur til umráða eitt hús í Munaðarnesi. Heitur pottur er við húsið. Það sem fram kemur í umfjöllun um kosti og möguleika sem fylgja dvöl í orlofshúsum í Svignaskarði í Borgarfirði gildir alveg jafnt um orlofshúsið sem félagið hefur til umráða í Munaðarnesi.

Fjölmargir möguleikar eru til afþreyingar og slökunar í Borgarfirðinum sem of langt mál væri að telja upp hér. Veðursæld Borgarfjarðar er mikil og skjólgott í orlofshúshverfunum. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenni orlofshúshverfanna, til dæmis upp með hinni frægu og fögru Norðurá. Í Borgarnesi er síðan ein af glæsilegustu sundlaugum landsins.

Borgarfjörðurinn hefur upp á fjölmargt annað að bjóða, hvort heldur dvalargestir eru að leita eftir menningarviðburðum, sögustöðum, náttúrufyrirbærum, útivistarmöguleikum eða annarri afþreyingu til að lífga upp á sumarfríð.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**

## Húsafell – Nýtt hús sumarið 2021 –



Í húsinu eru tvö svefnherbergi, hjónaherbergi með hjónarúmi og koju og herbergi með koju, stofa með eldhúskrók og baðherbergi. Í húsinu er svefnpláss fyrir 6 manns. Í því er barnarúm, sjónvarp og útvarp og gasgrill. Góð verönd með heitum potti er við bústaðinn. Geymsluskúr er við bústaðinn, þar sem geymdir eru sólstólar, borð og grill. Hægt er að vera með fellihýsi eða tjaldvagn við húsið.

Allir í fjölskyldunni geta fundið eitthvað við sitt hæfi á svæðinu. Golfvöllur, sundlaug, verslun, veitingastaður og leikvöllur með stærsta trampólíni á landinu eru innan orlofshúsakjarnans en hestaferðir, fjölbreyttar gönguleiðir, hellaskoðun, hálendisferðir, veiði og allar dásemdir íslenskrar náttúru við húsdynar.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**

Sumarhúsið er vel útbúið að innan og með heitum potti, stórra verönd og úti-grilli. Það er í fjallshlíð mót suðri og er útsýnið afar fagurt. Góðar gönguleiðir eru í nágrenninu og leiðsögn fánleg í styttri og lengri ferðir.

Hvalfjörður er djúpur og svipmikill fjörður inn af Faxaflóa – friðsæl náttúruperla steinsnar frá höfuðborginni. Möguleikar til útivistar og náttúruupplifunar eru miklir og fjölbreyttir – og hér lúrir sagan við hvert fótstap. Glymur, hæsti foss landsins, er í botni fjarðarins, tignarlegur og mikilfenglegur.

**Lyklabox. Upplýsingar eru á leigusamningi.**

## Bjarteyjarsandur í Hvalfirði



# Gott að hafa í huga...

### Komutími - brottför

**Leigutaka ber að vitja lykla á auglýstum tíma!** Ef einhver töf verður er nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja lyklaafhendingu. Viðkomandi símanúmer koma fram á leigusamningi.

### Umgengni

Orlofshúsinu eru sameign okkar allra og það er nauðsynlegt að við sam- einumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Orlofshúsagestir eru vinsamlegast beðnir um að reykja né veipa ekki inn- anhúss. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

**Reykskynjarar** eru lífsnauðsynleg tæki í öllum húsum og hafa löngu sannað gildi sitt. Aldrei má taka rafhlöður úr þeim nema setja nýjar í stað- inn eða láta umsjónaraðila eða skrifstofu félagsins vita. Munið að þessi smátæki hafa skipt sköpum og jafnvel bjargað mannlífum. Þess vegna verða þau að virka rétt.

### Bannað!

Leigutakar nýti sjálfir ásamt fjölskyldum og/eða vinum hús sem þeir fá úthlutað. Framsal til annarra getur valdið því að viðkomandi félagsmaður

verði útilokaður frá úthlutun framvegis. Það á einnig við ef leigutakar brjóta almennar reglur og skyldur sem þeir takast á hendur við leigu orlofshúsa.

**Ekki er leyfilegt** að vera með gæludýr í orlofshúsum eða orlofsíbúð- um Einingar-löju. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp í kjölfar slíks. Brot á þessu varðar tafarlausrí brottvísun úr húsum eða íbúðum auk greiðslu sektar upp á kr. 25.000.

### Hafið samband

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmenn á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 460 3600.

### Ábyrgð

**Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann þrifa vel eftir sig þ.m.t. ísskáp, eldavél, bakaraofn og örbylgjuofn, skápa, salerni og grill og skúra gólf. Einnig þrifa heita potta ef þeir eru. Stilla skal ofna á 1–2, loka gluggum og hurðum vandlega og skila lykli á sinn stað. Komið ábendingum og athugasemdum, ef einhverjar eru, til umsjónarmanna eða á skrifstofu Einingar-löju.**

## Flúðir

– Nýr orlofskostur sumarið 2021 –



Húsið er 53 fermetrar að stærð og í því eru þrjú svefnherbergi; eitt með hjónarúmi og tvö með kojum. Sængur og koddar eru fyrir sex. Barnarúm og barnastóll er í húsinu.

Í grenndinni eru golfvöllir, hótél, kaffihús/bar, verslun, upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, sundlaug og íþróttahús. Margir sögufrægir staðir og náttúruvættir eru í næsta nágrenni svo sem Þjórsárdalur, Skálholt, Gullfoss og Geysir.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**

## Ölfusborgir



Í fögru umhverfi Hveragerðis og nágrennis er rótgróið orlofshúshverfi, Ölfusborgir, sem margir kannast við af eigin reynslu eða af afspurn. Það sama gildir um þetta svæði og önnur orlofshússvæði í Árnessýslunni að þaðan er stutt í alla hugsanlega þjónustu og stutt í margar af helstu náttúruperlum landsins. Orlofshúsið sem félagsmenn Einingar-löju geta tekið á leigu í Ölfusborgum er 50 fermetrar að stærð með sex svefnplássum og barnarúmi. Sængur eru í húsinu og lín fæst leigt hjá umsjónarmanni.

Knattspyrnuvöllur og leikaðstaða fyrir börn er sameiginleg á svæðinu.

Úr Ölfusborgum er stutt til margra þorpa og kaupþúna á Suðurlandi. Eins eru margar skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu. Ýmislegt er í boði fyrir ferðamenn í Hveragerði, sem er rétt hjá orlofssvæðinu. Þar er m.a. sundlaug með vatnsrennibraut.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**

## Garðshorn í Ölfusi



Í landi Bakka II í Ölfusi stendur orlofshúsið Garðshorn. Húsið er um 100 metra frá Þjóðveginum til Þorlákshafnar, um 6 kílómetra frá Hveragerði. Fyrir þá sem vilja vera í næði og útaf fyrir sig er gott að dvelja í Garðshorni því húsið stendur ekki í orlofshúabyggð heldur eitt og sér. Engu að síður er örstutt í alla þjónustu því Garðshorn er í aðeins um 6 kílómetra fjarlægð frá Hveragerði og þar með er ekki heldur langt til Selfoss eða höfuðborgarsvæðisins. Við bústaðinn er gestahús.

Meðal þess sem finna má í næsta nágrenni Garðshorns í Ölfusi eru manngerðir hellar uppi í hlíðinni ofan við húsið. Þaðan er einnig mjög víðsýnt um Suðurlandsundirlendið. Í Garðshorni eru tvö svefnherbergi og gestahús. Svefnpláss fyrir 6 til 8 manns.

**Lyklar að Garðshorni eru afhentir á skrifstofum félagsins.**

## Dýrahald bannað!



Að gefnu tilefni hefur verið sett inn í leigusamning að **stranglega er bannað** að hafa með sér hunda eða önnur gæludýr í orlofshús eða íbúðir félagsins. Upp hafa komið alvarleg ofnæmistilfelli vegna brots á þessari reglu.

Framvegis verður krafist greiðslu að upphæð kr. 25.000 verði þessi regla brotin.



Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofssvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagesti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallett umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr fríinu sínu. Eining-lðja hefur til afnota eitt orlofshús í Brekkuskógi sem búið er að endurnýja að innan. Í húsinu er forstofa og stofa og eldhús í sama rými, baðherbergi með sturtu. Herbergi er með hjónarúmi og á svefnlofti eru tvö rúm sem hægt er að færa saman og tvær auka dýnur. Útipallur er með útihúsgögnum og heitum potti. Þvottavél má finna í þjónustumiðstöð.

Lítill leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila mínigolf. Stutt er úr Biskupstungunum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að „stutt“ sé úr Biskupstungunum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnessýslu er jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nógu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**

**Brekkuskógur í Biskupstungum - Nýuppgerðt hús -**



Eining-lðja býður félögum sínum til leigu sumarhús við suðurenda Úlfjótsvatns, í aðeins 70 km fjarlægð frá Reykjavík. Tvö svefnherbergi eru í húsinu auk svefnlofts. Það er búið öllum venjulegum eldhúsbúnaði, auk þess útvarpi, sjónvarpi, gasgrilli og heitum potti. Sundlaug er í nágrenninu. Umhverfis húsið er góð verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Góð leikaðstaða er á svæðinu, fótboltavöllur, aparóla og skemmtilegt leiksvæði með rólum, trampólíni o.fl.

Gönguleiðir eru margar og vinsælar um allt nærliggjandi svæði. Þær eru mjög skemmtilegar, nokkuð grónar og margt að sjá. Í góðu veðri má sjá vítt og breitt en mjög fallett útsýni er á þessum slóðum. Frá Úlfjótsvatni er stutt til margra vinsælla ferðamannastaða, svo sem Gullfoss, Geysis, Þingvalla, Laugarvatns og fleiri staða.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**

**Úlfjótsvatn**



**Útilegu- og veiðikort**

**ATH.: EINGÖNGU TIL SÖLU Á ORLOFSVEF FÉLAGSINS!**

Sumarið 2021 býður Eining-lðja félagsmönnum enn og aftur upp á að kaupa Útilegukortið og Veiðikortið á sérkjörum. Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega. Kaupa þarf kortin í gegnum Orlofshúsavefinn, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna.

**Útilegukortið – verð til félagsmanna er kr. 12.900.**

Útilegukortið gildir á viðkomandi tjaldsvæðum á meðan tjaldsvæðin eru opin fyrir almenning. Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinguætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistinguáttanna 28 einungis má gista í fjórar



nætur samféllt í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

**Ath! gistinguáttaskattur er ekki innifalinn í Útilegukortinu.** Allar upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni [www.utilegukortid.is](http://www.utilegukortid.is)

**Veiðikortið - verð til félagsmanna er kr. 4.100.**

Veiðikortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með Veiðikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í 36 veiðivötnum víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði má nálgast á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)



## Einarsstaðir á Héraði



Viðfræg veðurblíða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúrufegurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshúsunum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að fullyrða að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælasta á landinu. Í orlofshúshverfinu á Einarsstöðum á Eining-löjla fjögur hús. Tvö þeirra voru algjörlega endurnýjuð og stækkuð lítillega veturinn 2019-2020 og tvö veturinn 2020-2021. Þannig að frá og með sumrinu 2021 verður búið að endurnýja öll húsin. Óhætt er að segja að húsin eru stórglæsileg. Eftir stækkun eru þau um 62 fermetrar að stærð.

Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veðurblíðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta friið í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar af helstu náttúruperlum Austfirðinga eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egilsstaða, miðja vega milli Egilsstaða og Hallormsstaða.

**Talnalásar eru á húsunum. Upplýsingar eru á leigusamningi.**



## Klifabotn í Lóni



Orlofshúsavæðið Klifabotn í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingar-löjla. Þar ríkir enda skaffellsk kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls. Klifabotn, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls sem er hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði. Eining-löjla hefur til umráða eitt hús í Klifabotni, rúmgott og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameiginleg gufubaðsstofa fyrir orlofshúsa-byggðina.

Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmtilega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum.

Umhverfið er ægífagurt og stórbrotið og meðal annars stutt í hin rómuðu Lónsöræfi. Fjallahringurinn, sem skýlir Lónsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**



Tanni Travel  
Strandgötu 14, 735 Eskifjörður, Iceland  
tannitravel@tannitravel.is  
+354-476-1399  
www.tannitravel.is



## Illugastaðir í Fnjóskadal



Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður og vert að benda á að félagið á þar eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26. Eining-löja á fjórtán orlofshús á Illugastöðum sem öll eru með heitum pottum. Nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarféлага yfir sumarið í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu. Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður, ekki síst meðal félagsmanna Einingar-löju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal sem státar af náttúrufegurð og er dalurinn sannkölluð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem hafa áhuga á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum eru svefnpláss fyrir sex til átta manns í hverju húsi. Tvö svefnherbergi eru í húsinu, í öðru þeirra er eitt tvíbreitt rúm og í hinu eru tvær kojur fyrir tvo. að auki er svefnsófi í stofunni.

Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug með heitum pottum og lítil verslun í þjónustumiðstöðinni.

Leikvöllur er á svæðinu með leiktækjum fyrir börnin og þar má m.a. finna ærslabelg. Stutt er yfir í Vaglaskóg og eru miklir möguleikar til gönguferða á svæðinu.

**Talnalásar eru á húsunum. Upplýsingar eru á leigusamningi.**



## Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit



Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tímabundnir en vilja samt komast í gott frí og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, mjög góður kostur.

Húsið er vel búið með heitum potti og með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns. Ekki þarf að spyrja að náttúrufegurðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis örstutt í Leyningshóla og fleiri náttúruperlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingar-löju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna orku í sumarfríinu.

**Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofum félagsins.**



## Súðavík



Um er að ræða gamalt einbýlishús. Í stofu er sófasett, svefnsofi og sjónvarp ásamt öðrum húsbúnaði. Eldhúsið er fullbúið og borðbúnaður fyrir 12 manns. Svefnpláss er fyrir 10 ásamt sængum og koddum.

Segja má að Súðavík sé nokkuð miðsvæðis á norðanverðum Vestfjörðum þannig að dvöl þar er góður kostur fyrir þá sem vilja nýta fríð sitt í að ferðast og skoða sig um á Vestfjörðum og þar er vissulega um marga skemmtilega staði að velja.

Stutt er frá Súðavík til Ísafjarðar og jarðgöngin gera það að verkum að auðvelt er að ná yfir stærri hluta Vestfjarðakjálkans og ferðast um sunnanverða Vestfirði þegar dvalið er í Súðavík.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**

## Flókalundur í Vatnsfirði



Líklega þekkja færri fegurð Vestfjarðakjálkans af eigin raun en ýmis önnur svæði á landinu, en fegurðin er ekki minni fyrir þá sök! Vatnsfjörður á Barðaströnd er fullur af sögu og þar er fagurt um að litast. Flókalundur í Vatnsfirði hefur um árabil verið meðal vinsælli sumardvalarstaða landsins. Vatnsfjörður er á Barðaströnd - á „suðurströnd“ Vestfjarðanna - og þar er veðursælt, gróður-sælt og skjólgott. Fjölmargir áhugaverðir staðir eru í nágrenninu og má nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar og sagan er við hvert fótmál í Vatnsfirði. Þar er talið að Hrafna-Flóki hafi dvalið þegar hann gaf Íslandi nafn og þá meðal annars gengið upp á Lónfell.

Á svæðinu er sundlaug. Vert er að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Það eru því margir möguleikar til styttri og lengri ferða fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Vatnsfirði.

**Talnalás er á húsinu. Upplýsingar eru á leigusamningi.**

## Spánn ► Fyrstur pantar – fyrstur fær! ◀

### Lomas de Cabo Roig



Sumarið 2021 verður aftur í boði íbúð á Spáni. Þrátt fyrir óvissu um Covid var ákveðið að sjá til með hvernig ástandið þróast og bjóða upp á þennan orlofskost aftur. Því geta félagsmenn tekið hana á leigu næstu sumar **og gildir fyrstur pantar, fyrstur fær!**

Um er að ræða efri sérhæð í nýlegum íbúðarkjarna í Lomas de Cabo Roig hverfinu sem er í um 30 mín. fjarlægð frá Alicante, á svæði sem heitir Casa Tarife. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús og tvö baðherbergi. Gistirými er fyrir 4 til 6. Gólfhiti er á baðherbergjum og loftkæling í báðum herbergjum og stofu.

Rúmgóð verönd er fyrir framan húsið en þaðan er gengið upp í íbúðina sjálfa sem er öll á einni hæð. Svalir eru út frá stofu og eldhúsi og þaðan er síðan gengið uppá stórar einka þaksvalir sem eru yfir öllu húsinu, þar eru sólbekkir, útihúsgögn, kolagrill, markisa og æðislegt útsýni.

Stór sameiginlegur sundlaugargarður er inná milli húsanna í lokuðum og læstum garði sem aðeins gestir hafa aðgang að. Þar er sundlaug með barnalaug og sturtur og frábær aðstaða til að sóla sig og njóta. Garðurinn er einstaklega fallegur mjög fjölskylduvænn og húsið er vel staðsett í garðinum.

Frábærir golfvöllir eru mjög stutt frá, Las Ramblas, Villamartin, Campoamor og Las Colinas svo einhverjir séu nefndir.

Í boði verða níu leigur, tvær vikur í senn, og verða skiptidagar á þriðjudögum. Leigutímabilið hefst 25. maí og mun standa til 28. september.

**Verð fyrir tvær vikur er kr. 105.000, innifalið í verðinu er þrifagjald, rafmagn og vatn.**

**ATH! Gott getur verið að vera með bílaleigubíl á þessu svæði.**

**Nánari upplýsingar má finna á orlofshúsavef félagsins, sem finna má á [www.ein.is](http://www.ein.is)**



# Eining-Íðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning



# Sprawy urlopowe

**UWAGA!** W roku bieżącym ubieganie się o mieszkania lub domki będzie możliwe jedynie w formie elektronicznej.

W tym wydaniu naszego biuletynu informacyjnego piszemy głównie o sprawach urlopowych dotyczących m.in. domków i mieszkań, które związek zawodowy „Eining-Iðja” ma do zaoferowania swoim członkom w nadchodzącym okresie letnim.

Członkowie naszego związku mogą ubiegać się o przydzielenie domku lub mieszkania na jeden tydzień w nadchodzącym okresie letnim. Oferowana jest także dopłata do t.kz. "Tygodnia według własnego wyboru" („Orlof að eigin vali“). Jako, że wiele osób ubiega się o przydział domków lub mieszkań w tych samych miejscach i tym samym czasie, to zachęcamy do zróżnicowania swoich preferencji dotyczących wyboru. Chcielibyśmy zwrócić uwagę, że oferujemy 6 różnych możliwości wyboru zarówno miejsca jak i tygodnia.

Przy okazji chcemy przypomnieć, że członkowie naszego związku, którzy wynajmują mieszkania lub domki ponoszą pełną odpowiedzialność za wszystkie podążające za wymienionymi nieruchomościami przedmioty i urządzenia; takie jak meble, wyposażenie wnętrza, urządzenia kuchenne itd.

Przed opuszczeniem domku konieczne jest jego dokładne posprzątanie.

Sprzątanie mieszkań należących do naszego związku w Reykjavíku i Kópavogur jest wliczone w koszty ich wynajęcia, ale oczywiście należy oddać mieszkanie w schludnym stanie.

## Tydzień według własnego wyboru

Związek Zawodowy Eining-Iðja postanowił zarezerwować sumę do wysokości 7.500.000 koron na program pod nazwą "Tydzień według własnego wyboru" w roku 2021. Członkowie związku mogą ubiegać się o 300 tego rodzaju dofinansowań, każde do sumy 25.000 koron. Przydział dofinansowań opiera się na tych samych zasadach, co przydział domków wypoczynkowych. Pieniądże można użyć np. do wynajęcia domku wypoczynkowego, pokoju w hotelu lub przyczepy kempingowej; można także wykorzystać pieniądze do finansowania sobie podróży w czasie urlopu w kraju lub za granicą – według własnego życzenia. Maksymalna kwota na każdego członka związku wynosi – jak wcześniej zaznaczono – 25.000 koron, ale nie więcej niż 50% poniesionych kosztów.

Członkom związku, którzy użyją całej sumy zostanie odjętych 18 punktów; użycie mniejszej sumy spowoduje proporcjonalnie odjęcie mniejszej ilości punktów. Wypłata dofinansowania odbywa się po zakończeniu podróży, a członkowie związku muszą przedstawić rachunki za pobyt lub podróz.

"Tydzień według własnego wyboru" jest skuteczne do końca roku. Oznacza to, że ci, którzy są przydzielane potrzebę wprowadzenia faktur lub biletów na następny rok, aby uzyskać zwrot.

**Uwaga! Rachunek należy okazać na legalnym formularzu zawierającym numer VAT (VSK.)!**

## Podania w formie elektronicznej

W tym roku o przyznanie mieszkań, domków lub dopłat należy ubiegać się w formie elektronicznej na stronie domowej naszego związku: [www.ein.is](http://www.ein.is). (Orlofshúsavæfur)

W biuletynie zostaną natomiast zamieszczone informacje o oferowanych do wyboru możliwościach oraz instrukcje w formie graficznej mające ułatwić zrozumienie procedur wypełniania podań.

Dostępu do stron zawierających informacje jest możliwy na podstawie wylegitymowania się elektronicznym dokumentem tożsamości lub używając lub używając "Íslykil".

W wypadku wystąpienia trudności przy składaniu podań oferujemy Państwu pomoc w biurach naszego związku.

## Zasady działania systemu punktowego

Aby zapewnić maksymalnie sprawiedliwy sposób przydzielania mieszkań, domków i dopłat w okresie urlopowym używany jest t.kz. system punktowy, który z biegiem czasu sprawdził się dobrze. Każdy członek otrzymuje jeden punkt za każdy miesiąc w którym opłacił składki na rzecz związku.

Członkowie, którzy mają zgromadzoną największą ilość punktów w czasie rozpatrywania podań brani są pod uwagę w pierwszej kolejności jeśli o dane mieszkanie, domek lub dopłatę ubiega się większa ilość osób.

W przypadku przyznania danemu członkowi związku wyżej wspomnianego prawa do pobytu lub otrzymania dopłaty, od ogólnej sumy zgromadzonych przez niego punktów odejmuje się określoną ich ilość, tak aby jego pozycja na liście ubiegających się uległa przesunięciu w dół. Oczywiście płacąc regularnie składki członkowskie gromadzi on nadal punkty i zapewnia sobie w następnym roku możliwość ponownego ubiegania się o prawo pobytu w mieszkaniu, domku lub otrzymania dopłaty.

Ilość odejmowanych punktów jest różna w zależności od czasu i rodzaju wynajmowanych nieruchomości. Nie są odejmowane punkty za używanie mieszkań lub domków w okresie zimowym.



## Wynajem w okresie zimowym

Chociaż lato tradycyjnie jest okresem urlopowym to także inne pory roku brane są pod uwagę, a wiele osób zachowuje część należnych im dni wolnych do wykorzystania jesienią lub w zimie.

Warto tutaj wskazać na 6 atrakcyjnych możliwości wynajmu, które oferowane są dla naszych członków także poza tradycyjnym okresem urlopowym. Mamy tutaj na myśli wynajem domków w Illugastaðir, Tjarnargerði, Svignaskarði i w Einarstaðir, a także mieszkań w Reykjavíku i Kópavogur.

## Prawo do korzystania z urlopu letniego

Wszyscy mają prawo do urlopu, przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu. Natychmiast należy zgłosić przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

## Czy podpisałeś/podpisałaś umowę o pracę?

Wszyscy rozpoczynający pracę powinni zawrzeć pisemną umowę o pracę, która zawierać będzie informacje o czasie jej obowiązywania, określenie stanowiska pracy, okres wypowiedzenia umowy, wysokość wynagrodzenia, wymiar zatrudnienia, określenie długość dnia pracy, do którego funduszu emerytalnego wpłacane są składki oraz na podstawie jakiej umowy zbiorowej umowa ta została zawarta.

## UWAGA!

**Wszystkie sprawy, którymi zajmuje się nasz związek są poufne.**

**Stoimy na straży przestrzegania Twoich/Waszych praw!**

# Holiday matters

The first issue of this year's union magazine is devoted to matters pertaining to holidays and the holiday chalets the union has at its disposal for renting out to its members. Members may apply for the rental of a holiday chalet for one week at a specified location and since many often apply for the same location, it is a good idea to apply for different places and/or times as alternative options, up to six of which are permitted.

The holiday chalets are then allotted based on a credit system which the union has developed. Each member who pays in to the union receives one credit point per month, regardless of job ratio or the amount paid in union dues. If more than one person applies for the same chalet at the same time, the one who has accumulated the largest number of credit points is first choice.

Then, to ensure that those who are not successful in renting a chalet have a better chance next time they apply, a special number of points is deducted from a union member who rents a chalet. The number of deducted credit points varies per time and other factors. Unfortunately, there is not enough space to translate information relating to the chalets into English. However, the location should be clear from the place names and by using the map of

Iceland on page 14. The deadline for applying for holiday chalets is April 7.

## Online application

You have to apply online for a holiday chalet or holiday grants („week of your own choice“) on our webpage [www.ein.is](http://www.ein.is) (Orlofshúsavetur). You use your online identity card („rafraen skilríki“) or „Íslykil“ to log in.

If you have any problems our staff at the office Eining-löjla will be glad to assist you.

## A week of your own choice

Eining-löjla has decided to spend up to kr. 7,500,000 on an item entitled „A week of your own choice“ during 2021. Union members can apply for 300 such grants, to the amount of kr. 25,000 each; the grants are allotted on the same basis as the holiday chalets. The deadline for applying „A week of your own choice“ is April 7.

The grant may be used, for example, to rent a holiday chalet, a hotel room, a tent trailer or a fold-up camper as part-payment towards a holiday in Iceland or abroad, depending on personal wishes and interests. Maximum grant to individual members is, as indicated above, kr. 25,000 with the proviso that the amount never exceeds 50% of actual cost.

Members who receive a holiday grant have 18 credits deducted for those who make use of

the total grant and proportionally for lower amounts. The grants are payable after the end of the holiday tour and members who have been promised a grant are required to present an invoice relating to stay or travel expenses for the amount to be paid out. „A week of your own choice“ is effective until the end of the year. That means that those who are allocated need to bring invoices or tickets for next year to get reimbursed.

**PLEASE NOTE! You must present legal, numbered business invoices!**

## The right to take a summer vacation

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

*We wish all our union members a pleasant holiday and ask at the same time, to take good care of the houses. Remember that these houses and facilities are owned by the union members and therefore, they should always leave the houses in good, clean condition.*

## Sjálfkjörið í stjórn félagsins

Fimmtudaginn 18. febrúar sl. rann út frestur til að skila inn lista eða tillögum um fólk í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2021-2022. Ekki bærust tillögur eða listar aðrir en frá trúnaðarráði og teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörmir. Listi trúnaðarráðs tekur því við félaginu á næsta aðalfundi, miðvikudaginn 28. apríl nk., kl. 19:30 í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri. Ef Covid kemur í veg fyrir það verður fundurinn rafrænn.

Björn Snæbjörnsson mun því áfram verða formaður félagsins næstu tvö árin. Nýr ritari til næstu tveggja ára verður Gunnar Magnússon, þar sem Hrefna Björg núverandi ritari bauð sig ekki fram á ný. Sigurpáll Gunnarsson sem kosinn var meðstjórnandi til tveggja ára í fyrra hætti í stjórninni í lok síðasta árs þar sem hann var



Björn Snæbjörnsson.



Gunnar Magnússon.



Sunna Líf Jóhannsdóttir.

að skipta um starfsvettvang utan starfssviðs Einingar-löjlu. Meðstjórnandi til eins árs verður því Sunna Líf Jóhannsdóttir.

Mikil ánægja hefur ríkt með störf stjórnar félagsins í viðhorfskönnunum sem gerðar hafa verið undanfarin ár. Á hverju ári sér Gallup um framkvæmd slíkrar könnunar fyrir félagið þar sem 1.500 félagsmenn eru spurðir ýmissa spurninga, m.a. um viðhorf til stjórnar og þjónustu félagsins. Rúmlega 98% svarenda sögðust vera sáttir eða hvorki né er spurt var hvort viðkomandi væri sáttur eða ósáttur við Einingu-löjlu,

þar af merktu rétt tæplega 80% við að þau væru sátt við félagið. 97,7% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-löjlu þegar á heildina væri litið. Þetta eru aðeins betri niðurstöður en á síðustu árum.

# Aðalfundir svæðisráða

Í lok janúar fóru fram aðalfundir í svæðisráðum félagsins, sem eru þrjú. Fundirnir voru túlkadír yfir á pólsku en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu voru þeir í fyrsta sinn rafrænar. Á fundunum fór fram kosning á svæðisfulltrúum til tveggja ára og varamanna þeirra. Svæðisfulltrúar sitja í aðalstjórn félagsins fyrir hönd síns svæðis og eru varamenn sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

Á fundunum fór Björn formaður einnig yfir niðurstöður nýlegrar kjarakönnunar félagsins.

Fyrir aðalfund **svæðisráðs Grýtubakka-hrepps** var ljóst að sitjandi varasvæðisfulltrúi, Þorsteinn Þormóðsson, gæfi ekki kost á sér áfram þar sem hann er fluttur af svæðinu. Engin mótframbod komu gegn þeim sem tilnefnd voru og er Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir því nýr varasvæðisfulltrúi á Grenivík til næstu tveggja ára. Róbert Þorsteinsson mun áfram sitja sem svæðisfulltrúi en hann var einn í kjöri.

Á aðalfundi **svæðisráðs Hríseyjar og Dalvíkurbyggðar** var Guðrún J. Þorbjarnardóttir kosin aftur sem svæðisfulltrúi svæðisráðsins, en hún var ein í frambodi. Sigríður Þ. Jósepsdóttir, var aftur kjörin varasvæðisfulltrúi, en hún bauð sig ein fram í embættið.



Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir er nýr varasvæðisfulltrúi á Grenivík, kosin til næstu tveggja ára.

Nýr svæðisfulltrúi var kjörin á aðalfundi **svæðisráðs Fjallabyggðar**, en fyrir fundinn var ljóst að sitjandi svæðisfulltrúi, Margrét Jónsdóttir, gæfi ekki kost á sér til áfram. Engin mótframbod komu gegn þeim sem tilnefnd voru og er Elín Kjartansdóttir því nýr svæðisfulltrúi í Fjallabyggð til næstu tveggja ára. Hún kemur jafnframt ný inn í stjórn félagsins, því svæðisfulltrúar Einingar-löju sitja í aðalstjórn fyrir hönd síns svæðis. Björn formaður Einingar-löju þakkaði Margréti fyrir góð störf í þágu félagsins á



Elín Kjartansdóttir er nýr svæðisfulltrúi í Fjallabyggð til næstu tveggja ára.

undanförmum árum en minnti á að hún væri ekki að yfirgefa félagsmennina því hún verður auðvitað áfram starfsmaður félagsins á skrifstofunni í Fjallabyggð.

Þorvaldur Hreinsson mun sitja áfram sem varasvæðisfulltrúi, en hann var einn í kjöri.

Margrét þakkaði fyrir góð orð og óskaði Elínu og Þorvaldi til hamingju með kosninguna og velfarnaðar í þeirra störfum fyrir félagið.

## Veistu hvað...? á níu tungumálum

Fyrir nokkrum árum gaf félagið út bæklinginn „Veistu hvað við getum gert fyrir þig?“ á sjö tungumálum, íslensku, dönsku, ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og þýsku. Nú er einnig búið að þýða bæklinginn yfir á tælensku og rúmönsku og er vinna hafin við að þýða hann yfir á arabísku. Bæklingana má fá á skrifstofum félagsins en einnig má finna þá á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is).

Í þessum bækling er m.a. fjallað á stuttan hátt um sjúkrasjóðinn, orlofsjóðinn og fræðslusjóðinn. Svareð er spurningunni „Af hverju stéttarfélag?“ Fjallað er um trúnaðarmenn og til hvers þeir eru. Útskýrt hvað kjarasamningur er og sagt frá hverjir helstu kjarasamningar félagsins eru. Þá er sagt frá hvað félagsgjaldið færir viðkomandi og útskýrt er félagafrælsi, en launamönnum er frjálst að standa utan stéttarféлага, þ.e. að gerast ekki fullgildir félagsmenn. Þá eru þeir aukafélagar þar sem vinnuveitendum ber að greiða af öllum starfsmönnum sem vinna eftir kjarasamningum félagsins. Aukafélagar borga en hafa engin réttindi! Borgar það sig?



### Veistu hvað við getum gert fyrir þig?



Do you know what we can do for you?

¿Sabes lo que podemos hacer por ti?

Ved du, hvad vi kan hjælpe dig med?

Wissen Sie, was wir für Sie tun können?

Czy wiesz co możemy dla Ciebie zrobić?

Вы знаете, что мы можем сделать для вас?

คุณรู้หรือไม่ว่าเราสามารถช่วยเหลืออะไรคุณได้บ้าง?

ŞITIŢI CE PUTEM FACE



# KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



## VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á [asi.is/klukk](http://asi.is/klukk)



Now also in English



Teraz także w języku polskim

# Fræðsluáttak framlengt til 1. júní 2021

Í ljósi aðstæðna í íslensku samfélagi ákváðu stjórnir Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar snemma á síðasta ári að rýmka úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja í ákveðinn tíma. Átakið tók gildi 15. mars í fyrra og var síðast með gildistíma til 1. apríl 2021. Nú hefur verið ákveðið að framlengja átakið til 1. júní 2021 og gildir gagnvart námi/námskeiðum sem haldin eru eða hefjast innan þessa sama tímaramma.

## Frír aðgangur að námskeiðum

Fræðslusjóðirnir gerðu samninga við fræðsluaðila sem bjóða upp á vefnám/fjarnám þar sem fyrirtækjum og einstaklingum er boðin þátttaka í námi/námskeiðum þeim að kostnaðarlausu. Þetta gildir einnig um staðbundið nám þar sem því er við komið vegna aðstæðna. Þessir samningar gilda einnig tímabundið og gagnvart því námi/námskeiðum sem fræðsluaðilar bjóða upp á innan þessa tímaramma, það er frá 15. mars 2020 til og með 1. júní 2021. Einstaklingar og fyrirtæki geta skráð sig hjá viðkomandi fræðsluaðilum sem sjóðurinn er með samninga við án þess að greiða. Gildir gagnvart námi/námskeiði eða áskrift sem kostar að hámarki kr. 30.000.

**Félagsmenn eru hvattir til að skoða framboð námskeiða á heimasíðu sjóðanna með því að smella á flipann FRAMBOD Á NÁMI. Einnig eru settar inn upplýsingar frá sjóðunum á heimasíðu Einingar-löju.**

## Breytingar á úthlutunarreglum, til viðbótar

- Endurgreiðslur til fyrirtækja vegna kostnaðar við námskeiðahald, voru hækkaðar úr allt að 75% í allt að 90% af styrkhæfum heildarkostnaði. Gildistími verði frá 15. mars til og með 1. júní 2021.
- Hámarksupphæð einstaklingsstyrkja verður áfram kr. 130.000 á ári miðað við núverandi reglur. Hlutfalli endurgreiðslu var hins vegar breytt og er 90% í stað 75% af kostnaði við námið. Gildistími frá 15. mars til og með 1. júní 2021.



- Tömstundstyrkir sem voru 75% en að hámarki kr. 30.000 á ári eru í sama hámarki og hefðbundnir styrkir, það er kr. 130.000 á ári. Hlutfall endurgreiðslunnar verði sömuleiðis 90% af viðurkenndum kostnaði við námið. Gildistími verði frá 15. mars til og með 1. júní 2021.

## Nánari upplýsingar

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, starfsmaður félagsins, ein@ein.is eða 460 3600, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar um sjóðina á heimasíðu félagsins, [www.ein.is](http://www.ein.is) undir sjóðir og styrkir og á heimasíðu sjóðanna [www.landsmennt.is](http://www.landsmennt.is), [www.rikismennt.is](http://www.rikismennt.is) og [www.sveitamennt.is](http://www.sveitamennt.is).

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni, um er að ræða stéttarfélag innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS). Ríkismennt er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS. Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.

## Samningur um starfstengda símenntun

Vert er að minna félagsmenn á samning sem SÍMEY er með við starfsmenntunarsjóðina Sveitamennt, Ríkismennt um starfstengda símenntun. Með samningnum var tekið fyrsta skrefið í átt að auknu og markvissu samstarfi á milli aðilanna í þágu þekkingaröflunar starfsmanna og sveitarfélaga og ríkisstofnana á Norðurlandi.




Þessi samningur þýðir að sjóðirnir munu greiða fyrir þátttöku þeirra almennu starfsmanna sveitarfélaga og ríkisstofnana, stofnana þeirra og sjálfseignastofnana sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt. Hér er um að ræða þátttöku starfsmanna í starfstengdum námskeiðum sem skipulögð eru af SÍMEY.

Félagsmenn í Einingu-löju sem eiga aðild að Ríkismennt og Sveitamennt geta því sótt námskeið hjá SÍMEY og greiða sjóðirnir fyrir þátttöku þeirra að fullu.

**Athugið að þátttaka mun ekki skerða einstaklingsstyrki starfsmanna í starfsmenntasjóðum.**



# Er maginnn í steik?



## Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fánlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Magasýrupolin hylki sem innihalda 20 mg af virka efninu Omeprazol og eru ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni með mat eða á fastandi maga. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. **Lesið vandlega** upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

teva



# Öruggara spjall

Í öruggu netspjalli á [islandsbanki.is](https://islandsbanki.is) getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

**Góð þjónusta breytir öllu**

